



Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi að Grund, Jökuldal, Múlapingi



Rannveig Þórhallsdóttir
2021

Forsíðumynd: Horft til austurs eftir Stuðlagili og Jökulsá, frá Grund í Jökuldal.



© Rannveig Þórhallsdóttir
Unnið fyrir Jökuldal slf.
Desember 2021

Efnisyfirlit

ABSTRACT	4
INNGANGUR.....	4
DEILISKIPULAGSSVÆÐIÐ.....	5
FORNLEIFASKRÁNINGIN.....	5
GRUND.....	6
NIÐURSTAÐA	6
HEIMILDIR	7

Abstract

Archaeological registration was done by Sagnabrunnur in September 2021 at a land at Grund, Jökuldalur, Múlaþing, East-Iceland. The archaeological registration is nr. 2728. No archaeological remains (or historical information about archaeological remains) were found in the registration area.

Inngangur

Rannveig Þórhallsdóttir fornleifafræðingur hjá Sagnabrunni ehf. vann að fornleifaskráningu fyrir landeigendur að Grund vegna vinnu við deiliskipulag. Arnar Birgir Ólason hjá Teiknistofu Norðurlands var fulltrúi verkkaupa. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Tilgangur fornleifaskráningarinnar er að kanna skv. þeim lögum heimildir og skoða deiliskipulagssvæðið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða geti leynst undir sverði.



Mynd 1. Drög að deiliskipulagssvæðinu í landi Grundar sýnd með rauðri línu.

Deiliskipulagssvæðið

Deiliskipulagssvæðið er um 12 ha, norðan og vestan við Jökulsá á Dal og státar af nálægð við svæði sem gengur undir nafninu Stuðlagil. Þar er að finna tilkomumikið og litríkt stuðlaberg sem hefur laðað að sér fjölda ferðamanna síðustu árin. Sá hluti deiliskipulagssvæðisins sem er vestan við Jökulsá er í miklum bratta og svæðið sem er norðan við Jökulsá var fornleifaskráð fyrir á árinu af landeigendum Klaustursels. Mikil uppbygging vegna þjónustu við ferðamenn hefur átt sér stað hjá landeigendum á svæðinu nálægt Stuðlagili vegna mikillar aðsóknar ferðamanna. Árið 2019 fór fram fornleifaskráning á landi Grundar en vegna breytinga á deiliskipulagssvæðinu er verið að bæta við fornleifaskráningarsvæði.

Geta má þess að leið ljósleiðara var einnig skráð í landi Grundar árið 2020. Eldri fornleifaskráningar vegna Kárahnjúkavirkjunar voru gerðar árið 2001 sem og svæðisskráning 1998 og 1999 eins og vísað er til hér á eftir.

Fornleifaskráningin

Fornleifaskráningin sem hér er unnin hlaut minjanúmerið 2728 hjá Minjastofnun Íslands. Áður hafa verið unnar eftirfarandi fornleifaskráningar:

- Adolf Friðriksson (ritstj.). (2001). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS135a-00061.
- Adolf Friðriksson og Ragnar Eðvardsson. (2001). Kárahnjúkavirkjun. Fornleifar og vatnafar. Fornleifastofnun Íslands. FS150-00062.
- Indriði Skarphéðinsson. (2019). *Fornleifaskráning í landi Grundar í Efri-Jökuldal vegna nýs deiliskipulags*. Fornleifafræðistofan.
- Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga. (2016). *Fornleifaskráning á Héraði 2015*. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur 2016/166.
- Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu, Svæðisskráning*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS080-98089.
- Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1998). *Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Greinargerð um svæðisskráningu*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS072-98081.
- Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Klausturseli, Jökuldal, Múlaþingi*. Sagnabrunnur.
- Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). *Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara á Héraði, 1. áfangi. Efri-Jökuldalur*. Hitaveita Egilsstaða og Fella. Sagnabrunnur.

Rannveig Þórhallsdóttir fór á vettvang þann 18. september 2021.

Grund

Kuml hafa fundist á nokkrum stöðum í Jökuldal, sem bendir til búsetu á svæðinu frá landnámi.¹ Grund hét áður Flatasel, sem var beitarhús frá Hákonarstöðum. Grund var byggð um 1850-1860. Heimildir eru um þrískipta, þiljaða þrepbaðstofu sem var 9x6 álnir í fasteignamati 1918. Bærinn stóð um 20 m sunnar en íbúðarhúsið sem stóð að bænum árið 1974. Honum var ýtt á braut að lokinni notkun segir í *Sveitum og jörðum*.² Í um 50 m fjarlægð vestan við deiliskipulagssvæði eru kofatóftir 1791-79 (Brekkgugerði) sem skráðar voru árið 2015. Ekki er um að ræða þær friðlýstu minjar Brekkugerðis sem Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Hjörleifur Guttormsson fjalla um í fornleifaskráningunni Fornleifaskráning á Héraði 2015 og árbók Ferðafélags Íslands 2018.³

Deiliskipulagssvæðið sem hér er til skráningar er utan heimatúns og fundust engar minjar við skoðun á heimildum eða við vettvangsskoðun á deiliskipulagssvæðinu.

Niðurstaða

Engar friðlýstar minjar né friðaðar fornleifar, eða heimildir um þær, fundust á deiliskipulagssvæðinu.

¹ Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Þjóðminjasafn Íslands o.fl., bls. 214-242.

² Örnefnaskrá Grundar í Jökuldal; Ármann Halldórsson, (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands, bls. 273-275.

³ Örnefnaskrá Grundar í Jökuldal; Ármann Halldórsson, (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands, bls. 273-275; Hjörleifur Guttormsson (2018). *Upphérað og öræfin suður af*. Ferðafélag Íslands, bls. 277-283; Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga. (2016). *Fornleifaskráning á Héraði 2015*. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur 2016/166, bls. 48.

Heimildir

Adolf Friðriksson (ritstj.). (2001). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS135a-00061.

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Árman Halldórsson, (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Hjörleifur Guttormsson (2018). *Upphérað og öræfin suður af*. Ferðafélag Íslands.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, Þjóðminjasafn Íslands o.fl.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu, Svæðisskráning*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS080-98089.

Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. (1998). *Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Greinargerð um svæðisskráningu*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS072-98081.

Túnakort (1918) *Grund* í Jökuldalshreppi. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Örnefnaskrá. (1975). *Skrá yfir örnefni og örnefnakort að Grund í Jökuldal*, Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá. (1975). *Skrá yfir örnefni Hákonarstöðum í Jökuldal*, Örnefnastofnun.